

Starfsleyfi.

Orkuveita Reykjavíkur

Kt: 551298 - 3029

Leyfi til að starfrækja: Vatnsveitu án vatnsbóla.
Starfssvæðið: Sveitarfélagið Álftanes.

Heilbrigðisnefnd veitir umbeiðið leyfi samkvæmt ákvæðum VIII. kafla laga nr. 93/1995 um matvæli og 3. gr. reglugerðar um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla nr. 522/1994, með síðari breytingum.

Leyfið gildir frá 1. janúar 2005

Gildissvið.

Leyfið tekur til reksturs dreifikerfis fyrir neysluvatn og dreifingar á neysluvatni með visun til reglugerðar nr. 536/2001 um neysluvatn.

Almennar kröfur.

Við rekstur ber að fylgja ákvæðum sem fram koma í IV. kafla um húsnæði og lóðir í reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002 og III. kafla reglugerðar um úrgang nr. 737/2003, um meðhöndlun úrgangs.

Innra eftirlit.

Almennt innra eftirlit samkvæmt 4. gr. reglugerðar um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla nr. 522/1994 skal að lágmarki starfrækja við reksturinn.

Eftirlit.

Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum XVI. kafla reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002, IV. kafla reglugerðar nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla og IV. kafla reglugerðar um neysluvatn nr. 536/2001.

Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Rekstraraðila ber að veita heilbrigðisnefnd upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfsemi sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, með hæfilegum fyrirvara. Taki nýr rekstraraðili við starfseminni er heimilt að fenginni umsókn, að færa starfsleyfið á nýjan rekstraraðila án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi enda verði engin önnur breyting á starfseminni. Heilbrigðisnefnd getur endurskoðað starfsleyfi ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd eða skaðleg áhrif sem ekki voru ljós fyrir.

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis
Garðabær, 31. mars 2005

Guðmundur H. Guðmundsson